

Snúðu lukkuhjólinu!

Markmið:

Lífið er lotterí. Fæðingarland þitt skiptir miklu fyrir hvernig líf þitt þróast. Ímyndaðu þér hvernig líf þitt hefði getað orðið ef þú hefðir fæðst í öðru landi.

Aðferð:

Ritæfing og umræður. Að nota livetslotteri.se til að fræðast um heiminn og lífskjör annars fólks. (Ath Lukkuhjólið er á sænsku en auðskilin lítill texti sem þarf að vinna með og snýr að því að þegar lukkuhjólið er stöðvað kemur upp nafn á landi)

Tímanotkun: 1- 2 klukkustundir

Leiðbeiningar:

- Láttu alla nemendur snúa lífsins lukkuhjóli. Láttu nemendur kynna sér eins mikið af staðreyndum um landið og hægt er, td má nýta heimsatlasinn Globalis.is. Bentu á mikilvægi þess að kynna sér bæði kosti og galla við að búa í landinu.
- Biddu svo nemendur um að skrifa eina blaðsíðu (A4) um hvernig líf þeirra hefði getað orðið ef þau hefðu fæðst í „nýja“ landinu sínu. Láttu nemendur skrifa í fyrstu persónu.
- Láttu nemendur vera tvö og tvö og lesa söguna sína hvort fyrir annað.
- Endaðu á umræðu í öllum bekknum.